

10. júlí 1970.

427

Nr. 79.

## AUGLÝSING

um breyting á skipting starfa ráðherra skv. auglýsingu nr. 97/1969.

Eftir tillögu ríkisstjórnarinnar og skv. 15. gr. stjórnarskrárinnar hefur forseti Íslands í dag gert eftirfarandi breyting á skiptingu starfa ráðherra:

Jóhann Hafstein fer með forsætisráðuneytið auk dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins.

*Forsætisráðuneytið, 10. júlí 1970.*

**Jóhann Hafstein.**

*Guðmundur Benediktsson.*

9. júlí 1970.

Nr. 80.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar, nr. 43 3. júní 1957.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur tjáð mér, að þar sem lög um skipun prestakalla og prófastsdæma og um kristnisjóð, nr. 35 9. maí 1970, sem samþykkt voru í lok síðasta Alþingis, hafi í för með sér breytingar á skipun prófastsdæmanna, sem jafnframt eru kjördæmi í kosningum til kirkjuþings, samkvæmt lögum um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar, nr. 43 3. júní 1957, en kosningar til kirkjuþings eiga að fara fram á þessu sumri, beri brýna nauðsyn til að gera breytingar á síðarnefndu lögnum, til samræmis við hina breyttu skipan, og jafnframt að gera lagfæringu á óhagkvæmu fyrirkomulagi á kjöri varamanna, samkvæmt tillögu kirkjuþings.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

2. málsg. 2. greinar laga nr. 43 3. júní 1957, um kirkjuþing og kirkjuráð íslenzku þjóðkirkjunnar, orðist svo:

Kjördæmin eru þessi:

1. Reykjavíkurprófastsdæmi.
2. Kjalarness-, Borgarfjarðar- og Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi.
3. Barðastrandar- og Ísafjarðarprófastsdæmi.
4. Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.
5. Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.
6. Múla- og Austfjarðarprófastsdæmi.
7. Skaftafells-, Rangárvalla- og Árnessprófastsdæmi.

## 2. gr.

9. grein laganna orðist svo:

Kjörstjórn telur atkvæði og úrskurðar kosningar. Skal við talningu reikna fyrsta manni eitt atkvæði, öðrum manni  $\frac{2}{3}$  atkvæðis og þriðja manni  $\frac{1}{3}$  atkvæðis. Sá, sem flest hlýtur atkvæði, skal taka sæti á kirkjuþingi sem aðalmaður, en hinir vera fyrsti og annar varamaður eftir atkvæðamagni. Hljóti tveir eða fleiri jöfn atkvæði, sker hlutkesti úr. Kjörstjórn sendir kirkjuþingsmönnum kjörbréf og varamönnum skírteini um það, að þeir séu 1. og 2. varamaður í því kjördæmi.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 9. júlí 1970.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

*Jóhann Hafstein.*